

Syngjum saman á degi íslenskrar tónlistar

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjarlarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís. .

Lag: Atli Heimir Sveinsson. Ljóð: Davíð Stefánsson.

Manstu ekki eftir mér

Ég er á vesturleiðinni, á háheiðinni.
á hundraðogtíu ég má ekki verða of seinn, óó!
Það verður fagnaður mikill vegnar opunar,
flugrillsjoppunnar.
svo ég fór og pantaði borð fyrir einn.

Ég fresta því stöðugt að fá mér starf, síðan síldin
hvarf,
enda svolítið latur til vinnu en hef það samt gott,
ó ó
En konurnar fíla það mætavel, allflestar að ég tel,
ég er og verð bóhem og þeim finnst það flott.

Manstu ekki eftir mér, mikið lítur þú vel út beibí,
frábært hár.
Manstu ekki eftir mér, hvar ertu búinn að vera öll
þessi ár.

Ég hef nokkuð lúmskan grun um að, ein gömul
vinkona
geri sér ferð þangað líka ég veit hvað ég syng, óó.
Hún er svo til á sama aldri og ég, asskoti hugguleg
og svo er hún á hraðri leið inná þing.

Lag: Ragnhildur Gísladóttir
Texti: Þórður Árnason

Stingum af

Það er andvökubjart
himinn - kvöldsólarskart,
finnum læk, litla laut,
tínum grös, sjóðum graut
finnum læk, litla laut,
tínum grös, sjóðum graut

Finum göldróttan hval
og fyndinn sel í smá dal
lækjarnið, lítinn foss,
skeinúsár, mömmukoss
lækjarnið, lítinn foss,
skeinúsár, mömmukoss

stingum af -
í spegilsléttan fjörð
stingum af -
smá fjölskylduhjörð
senn fjúka barnaár
upp í vind, út á sjó
verðmæt gleðitár,
- elliró, elliró

hoppum út í bláinn,
kveðjum stress og skjáinn,
syngjum lag, spilum spil,
þá er gott að vera til
syngjum lag, spilum spil,
þá er gott að vera til
tínum skeljar, fjallagrös,
látum þabba blása úr nös,
við grjóthól í feluleik,
á hleðslu lambasteik,
við grjóthól í feluleik,
á hleðslu lambasteik,

stingum af -
í spegilsléttan fjörð
stingum af -
smá fjölskylduhjörð
senn fjúka barnaár
upp í vind, út á sjó
verðmæt gleðitár,
- elliró,elliró

Lag og texti: Mugison